

Umgengnisreglur fyrir snjalltæki og spjaldtölvur

Almennt:

- ◆ Spjaldið er námstæki og á fyrst og fremst að nota það sem slíkt.
- ◆ Ávallt skal ganga vel um spjaldið og hafa það í hulstri.
- ◆ Nemendur bera ábyrgð á að koma með spjaldið fullhlaðið á degi hverjum í skólann.
- ◆ Þegar gengið er um með spjaldið skal það alltaf vera í lokuðu hulstri.
- ◆ Mælt til að nemendur í 1.-4. bekk hafi snjallsíma í skólatösku á skólatíma.

Kennslustofan:

- ◆ Kennari stýrir kennslustund og ákveður hvenær spjald og/eða snjalltæki er notað.
- ◆ Nemandi mætir í tíma með spjaldið lokað.
- ◆ Þegar spjaldið er ekki í notkun er það geymt lokað á horni borðsins eða ofan í tösku.
- ◆ Snjalltæki og spjald skal vera á hljóðlausri stillingu í kennslustundum og nota skal heyrnatól við hlustun.
- ◆ Áfríðandi að lokað sé fyrir tilkynningar (e. Notifications) á samfélagsmiðlum.
- ◆ Í kennslustofum er ekki heimilt að taka myndir / myndbönd nema með leyfi kennara.

Frímínútur og matartími:

GRÆN SVÆÐI—LEYFILEGT að vera í snjalltækjum, t.d. á bókasafni, gangi og miðrymi skólans.

GUL SVÆÐI—STUNDUM LEYFILEGT að vera í snjalltækjum á ákveðnum tíma en bannað öðrum stundum. T.d. í kennslustundum og í matsal - leyfilegt í hafragraut/frímínútum en bannað í hádegismat.

RAUD SVÆÐI—EKKI LEYFILEGT að vera í spjöldum og/eða snjallsímum, t.d. á salerni og í búningsherbergjum íþróttahúsa og sundlauga.

Íþróttir og sund:

Ekki er leyfilegt að nota tækin undir neinum kringumstæðum á þessum stöðum.